



# Bandaríski lögfræðingurinn Greg Glaser tekst á við bólusetningarþvingun Bandarískra stjórnvalda

Bandaríski lögfræðingurinn  
Greg Glaser  
tekst á við bólusetningarþvingun  
Bandarískra stjórnvalda



eins í staðan er í Bandaríkjunum – 50% bólusettra þjást af krónískum sjúkdómum í samanburði við einungis 6% óbólusettra, er það þá virkilega lögmætt að þvinga óbólusetta með ofbeldi til að láta bólusetja sig?

Lögfræðingurinn Greg Glaser segir ‚NEI!‘ og leggur sig fram af öllum kröftum fyrir hina óbólusettu ...

Í desember 2020 fékk Kla.TV tækifæri til að ræða við Greg Glaser lögfræðing frá Kaliforníuríki í Bandaríkjunum. Greg Glaser stýrir málsókn gegn bandarískum stjórnvöldum þar sem hann krefst þess að allri mismunun gagnvart óbólusettu fólki verði aflétt. Hér nokkrar bakgrunnsupplýsingar: Þann 1. janúar 2021 tóku í gildi ný lög í Kaliforníu sem gefa heilbrigðu fólki engan möguleika á undanþágu frá bólusetningum. Aðeins fólk sem nú þegar þjáist vegna alvarlegra aukaverkana vegna bólusetninga, og þeir sem geta sannað nægilegt mótefni (títur) geta vonast eftir vottorði um bólusetningarundantekningu frá lækni sínum. Og þá einungis með skráningu á öllum persónuupplýsingum í miðlæga gagnagátt. Alla aðra, sem ekki eru fullbólsettir, er hægt að útiloka algjörlega frá skólum og öðrum stofnunum þar sem fyrri undanþáguskírteini þeirra urðu ógild með nýju lögunum.

Til að þvinga ríkið til að snúa við slíkri mismunun í lögum, gerði Glaser og teymi hans ákaflega áhugaverða rannsókn með yfir 1.400 óbólusettum þátttakendum. Hann bar saman heilsufar þessara óbólusetta einstaklinga við meðaltal heilsufarsstöðu Bandaríkjamanna eins og hún birtist í skýrslum bandaríska heilbrigðiseftirlitisins CDC. Þátttakendur komu úr 48 fylkjum USA. Einungis um 6% óbólusetta samanburðarhópsins þjáðist af einhverjum krónískum sjúkdómi. Hins vegar lá meðaltalshlutfall Bandaríkjamanna yngri en 18 ára, með að minnsta kosti einn langvinnan sjúkdóm eða alvarlega heilsufarsröskun, yfir 50 %.

Glaser bendir á að þetta hafi litið allt öðruvísi út á fjórða og fimmta áratugnum, þ.e.a.s. fyrir tíma bandarískra bólusetningaráætlana. Á þeim tíma heyrði það til undantekninga að einhver væri krónískt veikur. Greg Glaser tekur því eftirfarandi líkindareikning fyrir dómstóla. Líkurnar á því að þessi munur á milli 6% krónískt veikra sem ekki hafa verið bólusettir, og þeirra 50% sem hafa verið bólusettir komi upp eingöngu af tilviljun, þ.e.a.s séu ekki í tengslum við bólusetningu, er minni en að Bandaríkjamadur verði fyrir eldingu á leiðinni heim eftir að hafa nýnnið stóra pottinn í Lottó. Hann bendir á að önnur umhverfisáhrif hafi hér heldur ekki vægi, þar sem allir óbólusettir þátttakendur í rannsókn hans og annarra samanburðarrannsókna verði fyrir nákvæmlega sömu umhverfismengun og samanburðarhópur bólusettra Bandaríkjamanna.

Auk annarra atriða dregur Glaser fram fyrir dómstóla þá staðreynd, sem margir aðrir bólusetningargagnrýnendur hafa koma fram með, að áður en bóluefnin eru samþykkt eru klínísku prófin ekki vísindalega rétt framkvæmd. Til dæmis í Gardasil bóluefnisprófinu var

samanburðarhópurinn ekki bólusettur með lyfleysu, eins og nauðsynlegt er í klínískum prófunum. Var hann í staðinn bólusettur með 3 bóluefnisskömmtum, en hinn hópurinn var bólusettur með 4 skömmtum. Samkvæmt rannsóknum Glasers er það jafnvel orðin regla í samþykki bóluefna að bóluefni séu prófuð gegn öðrum bóluefnum sem þegar hafa hlotið samþykki. Glaser segir að deyi þá 4 í samanburðarhópnum við bólusetninguna sem þegar hefur verið samþykkt og eins deyi 4 við bólusetninguna sem á að samþykkja, þá sé bólusetningin ekki talin banvæn.

Augljóst er að þetta snýst ekki um líðan bandarískra íbúa. Miklu frekar virðist vera þannig að verið sé að innleiða lagalega lævist og snúið eftirlits- og útvalningar- kerfi. Þegar um er að ræða nauðungarbólusetningar sem, að sögn lögmanns Glasers, geti valdið veikindum eða dauða, er það að lokum spurning um fólksfækkunarkerfi í augum margra sérfræðinga og blaðamanna. þ.e.a.s. arfbætur.

[Setja inn hérna [www.kla.tv/1811](http://www.kla.tv/1811) „Mikilvægustu persónur aldarinnar“ voru fylgjandi fólksfækkunum, og [www.kla.tv/17389](http://www.kla.tv/17389) „Bill Gates og net mannfjöldastjórnunar“ ]  
Fyrsta málsmeðferð bandarísku málsóknarinnar þar sem lögð verða fram sönnunargögn frá Glaser lögmanni og hans hugrökku samstarfsmönnum, mun fara fram í alríkisréttinum í Sacramento í Kaliforníu 22. febrúar 2021. Alþjóðasamfélagið er hvatt til að fylgjast vel með þessu málaferli og eftirfylgni þess á æðri dómsstigum.

eftir dg./hm

#### Heimildir:

<https://childrenshealthdefense.org/defender/vaxxed-unvaxxed-lawsuit-protect-americans-from-vaccination-status-discrimination/>

<https://childrenshealthdefense.org/defender/vaxxed-unvaxxed-lawsuit-protect-americans-from-vaccination-status-discriminat>

Bók eftir Oliver Janich: „Das Kapitalismus-Komplott“

#### Þetta gæti þér líka þótt áhugavert:

#Bólusetningar - Bólusetningar - [www.kla.tv/Bolusetningar](http://www.kla.tv/Bolusetningar)

#### Kla.TV – Hinar fréttirnar ... frjálssar – óháðar – óritskoðaðar ...



- það sem fjölmiðlar ættu ekki að þegja um ...
- fáheyrð frá fólkinu, für das Volk ...
- reglulegar fréttir á [www.kla.tv/is](http://www.kla.tv/is)

Það borgar sig að fylgjast með!

Ókeypis áskrift með mánaðarlegu fréttabréfi á netfangið

þitt færðu hér: [www.kla.tv/abo-is](http://www.kla.tv/abo-is)

---

## Ábending öryggisins vegna:

Mótraddir eru því miður æ oftast þaggaðar niður eða þær ritskoðaðar. Svo lengi sem flytjum ekki fréttir samkvæmt áhuga og hugmyndafræði kerfispressan getum við sífellt reikna með því að leitað sé eftir tilliástæðum til þess að loka fyrir eða valda Kla.TV skaða.

Tengist því í dag óháð internetinu! Smellið hér: [www.kla.tv/vernetzung&lang=is](http://www.kla.tv/vernetzung&lang=is)

---

Licence:  *Creative Commons leyfi sé höfundar getið*

Við útbreiðslu og deilingu skal höfundar getið! Efnið má þó ekki kynna tekið úr því samhengi sem það er í. Stofnunum reknur af opinberu fé (RÚV, GEZ, ...) er notkun óheimil án leyfis. Brot á þessum skilmálum er hægt að kæra.